

Ed.

555. Breytingartillögur

[211. mál]

við frv. til 1. um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

Í hverri sýslu skal starfa matsnefnd skipuð fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Vegagerðar ríkisins.

Matsnefndir skulu fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum af völdum vatna. Þær skulu taka við erindum frá landeigendum, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af þessum sökum.

Matsnefndir skulu semja álitserð um varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitserðina skal matsnefnd senda til landbúnaðarráðuneytisins, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

2. 4. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir $\frac{7}{8}$ hluta kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir samkvæmt því, sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Landeigendur, sem hafa af varnaraðgerðum á landi sínu eða landsnyttjum, greiða $\frac{1}{8}$ hluta, sem skiptist á milli þeirra að tiltölu við það, hvers virði hagrinn verður hverjum þeirra talinn. Verði ekki samkomulag um skiptingu á kostnaðarhluta landeigenda, skera matsnefndir úr. Ef ágreiningur verður innan matsnefndar, skipar ráðherra oddamann og ræður þá afl atkvæða niðurstöðu. Framkvæmdum má fresta, ef ekki er samkomulag um þær eða kostnaðarskiptingu milli landeigenda.

3. Í stað setningarhlutans „Nú telja matsmenn“ í 7. gr. komi: Nú telur matsnefnd.

4. 9. gr. orðist svo:

Bætur fyrir landspjöll vegna framkvæmda, t. d. ef vatni er veitt á land annars manns, skal telja með kostnaði við verkið. Bætur skal ákveða með mati eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, ef eigi semur.

5. Á eftir 9. gr. komi ný grein, 10. gr., sem orðist svo:

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.